

# Skýrsla framkvæmdaráðs Kvinnalístantans til landsfundar 14.-16. nóvember 1997

## Fundir í ráðum og nefndum Kvinnalístantans

Landsfundur Kvinnalístantans var haldinn í Viðey dagana 2.-3. nóvember 1996 og Vorþing að Heimum á Hvalfjarðarströnd dagana 3.-4. maí 1997.

Framkvæmdaráð hefur síðan haldið 27 fundi, samráð hefur hist 2 sinnum og haldið 2 símafundi. Landsfundarnefnd hittist 10 sinnum.

Landsfundur var fremur slæga sóttur en aðsókn að Vorþingi var mun meiri. Þátttaka í Samráðsfundum var með ágætum.

## Starfskonur Kvinnalístantans

Sigrún Erla Egilsdóttir var framkvæmdastýra samtakanna til 1. september 1997 en þá kom Áslaug Thorlacius til baka úr fæðingarorlofi. Stefanía Óskarsdóttir framkvæmdastýra þingflokks lét af störfum 1. febrúar 1997. Guðrún Jónsdóttir var ráðin í hennar stað. Stöðugildi hennar var um leið stækkað úr 60% í 75%. Frá og með 1. september hefur hún verið í 100% starfi.

Sonja B. Jónsdóttir lét af störfum sem ritstýra Veru um áramót og var Elísabet Þorgeirsdóttir ráðin í hennar stað.

## Opnir fundir og ráðstefnur

Kvinnalístantinn stóð fyrir opnum fundi um kvennarétt í Hlaðvarpanum þann 8. mars. Erindi fluttu þær Brynhildur Flóvenz, Ragnheiður Elva Þorsteinsdóttir og Unnur Pétursdóttir. Fundinn sóttu vel á 3. tug kvenna. Á fundi um plebbamenningu sem haldinn var þann 20. mars talaði Áshildur starfskona Stígamóta. Fundinn sóttu fáar en góðar konur.

Kvinnalístantinn stóð einnig að ráðstefnu um framtíðarsýn í atvinnu- og umhverfismálum sem haldin var 5. apríl. Ráðstefnan var ágætlega sótt. Framsögu höfðu Tryggvi Felixson, Kristín Einarsdóttir, Hólmfríður Sigurðardóttir, Hilmar Malmquist, Jón Ingimarsdóttir, Kristín Halldórsdóttir, Einar Valur Ingimundarson, Steinunn Harðardóttir, Gunnhildur Valdímarsdóttir, Oddur Benediktsson, Guðrún Agnarsdóttir og Dennis Jóhannesson.

Kvinnalístantinn hélt, ásamt hinum stjórnarandstöðuflokkunum á þingi, ráðstefnu um velferðarmál 10. maí. Ráðstefnuna sóttu hátt í hundrað manns. Erindi fluttu Sigrún Júlíusdóttir, Jón Björnsson, Gestur Guðmundsson, Vigdís Jónsdóttir og Halldór Grönvold og einnig var unnið í hópum.

Kvinnalístantinn stóð einnig að sameiginlegum fundi kvenna í stjórnarandstöðuflokkunum um hlut kvenna í stjórnámálum morgundagsins. Erindi fluttu: Drífa Snædal Jónsdóttir, Guðný Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Kolfinna Baldvinsdóttir, Margrét Frímansdóttir, Nína Helgadóttir, Rannveig Guðmundsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir og Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Fundarstýra var Ragnhildur Vigfúsdóttir. Á fundinn mættu um 140 konur, þar af margar úr Kvinnalístantanum.

Kvinnalístantinn stóð ásamt fjölda stofnana og félagasamtaka að málþingum um kynferðisofbeldi í Háskólabíói. Þau voru haldin 5 laugardaga í febrúar og mars. Fulltrúar Kvinnalístanta í undirbúningsnefndinni voru Dóra Hlín Ingólfssdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Einn af ávöxtum þessa starfs voru ný samtök sem stofnuð voru í Hlaðvarpanum 11. nóvember 1997 og bera heitið Samstaða gegn kynferðisofbeldi. Kvinnalístantinn er einn af stofnfélögum þeirra samtaka.

## Ferðir á fundi og ráðstefnur erlendis

Kvennalistinn styrkti 3 konur, Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Kristínu Ástgeirsdóttur og Kristínu Einarsdóttur vegna verðar á afhendingu Friðarverðlauna Nóbels sem fram fór í Osló.

Kristín Jónsdóttir fór sem fulltrúi Kvennalistans á baltnesk-norrænu jafnréttisráðstefnuna „Konur og karlar tala saman“ sem haldin var í Valmiera í Lettlandi í ágúst sl.

Ragnhildur Helgadóttir sótti, fyrir hönd Kvennalistans, Norðurlandaráðsþing ungs fólks sem haldið var í Helsinki helgina 7.-9. nóvember 1997.

## Útgáfumál

Kvennalistinn gaf að jafnaði út eitt fréttabréf á mánuði. Kvennalistinn gefur auk þess út kvennablaðið Veru sem kemur út 6 sinnum á ári. Stefnuská Kvennalistans var endurprentuð á árinu og einnig voru kynningarbæklingar um samtökin á íslensku, ensku og dönsku endurskoðaðir og prentaðir.

## Myndlistarsýningar

Sýning á málverkum og objektum eða hlutum Ragnheiðar Ragnarsdóttur sem sett var upp fljótlega eftir flutninginn í Pósthússtrætið stóð fram yfir áramót. Næstar sýndu Þorgerður Jörundardóttir og Mimi Stallborn skúlptúrverkið „Vorhugur“. Nú nýverið setti Elsa Dóróthea Gísladóttir upp verk sitt „Ævintýri“ sem einnig telst vera skúlptúr. Málverk eftir Kristínu Blöndal hefur prýtt vegg í fundarherbergi þingflokksins síðan í ágúst.

## Önnur pólitísk starfsemi samtakanna

Framkvæmdaráð Kvennalistans gerði skoðanakönnun meðal Kvennalista-kvenna um framtíð samtakanna. Ákveðið var að ekki yrði unnið úr könnuninni nema svörun yrði a.m.k. 50%. Það náðist ekki og því var ekki unnið úr gögnunum.

Framkvæmdaráð skipaði, að ósk Margrétar Frímansdóttur formanns Alþýðubandalags, 2 konur, þær Steinunni V. Óskarsdóttur og Stefaníu Óskarsdóttur í nefnd um samstarf stjórnarandstöðuflokkanna stuttu eftir landsfund 1996. Seinna bættust Sjöfn Kristjánsdóttir og Sigrún Jónsdóttir í þann hóp. Nefndin lauk störfum eftir að Samráð samþykkti 30. ágúst að Kvennalistinn tæki ekki þátt í samstarfsviðræðum flokkanna sem heild.

Kvennalistinn tók frumkvæði að stofnun nefndar sem starfaði til hliðar við ofnagreinda samstarfsnefnd. Hennar hlutverk var að kanna hljómgrunn innan þessara flokka fyrir kvenfrelshugmyndum okkar. Í nefndinni sátu af hálfu Kvennalista Guðrún Jónsdóttir og Brynhildur Flóvenz.